

SÍSL símafundur 5. feb 2019

Mætt eru: Össur, Þorvaldur, Harpa, Elvar og Vilborg

Fundur settur kl.08:45

Aðalfundur - hvenær?

Apríl er alveg úti. Mars er möguleiki en Nótan getur sett strik í reikninginn. Ákveðum 15. mars.

Harpa hefur samband við Hannesarholt. Morgunmatur frá 8:30, kaffi og te allan daginn, kaffi og með í kl.10:30, enda með hádegismat.

Þarf að senda fundarboð á hverja hljómsveit. Þarf að taka fram þar að allt sé frekar opið, varðandi landsmót og fjárútlát. Þurfum að taka stórar ákvarðanir og gera það saman á aðalfundi. Harpa sendir út fundarboð.

NOMU - þurfum að finna einhvern aðila sem er sleipur í Norðurlandatungumáli t.d. Einar, Snorri, Kristjón eða Martin. Þessi aðili þarf ekki endilega að vera í stjórninni.

Í den var peningur í NOMU og íslenskir krakkar gætu fengið styrk fyrir hljómsveitarnámskeiði. SÍSL þarf að ákveða hvort við viljum styrkja einhverja krakka.

Landsmót á Akureyri

Allt er uppgert nema Hundur í óskilum og bigband-Michael eiga eftir að senda reikning.

Ella Vala fékk greitt sem framkvæmdastjóri 100þús

Sóley 50þús

Emil 75þús

Fundi slitið kl.09:25

FUNDARGERÐ

Aðalfundur Samtaka Íslenskra Skólalúðrasveita (SÍSL)

Fundur haldinn 15.mars 2019 í Ásgarði, Center Hotel Reykjavík

Fundargestir voru alls 19. Mættir voru eftirfarandi:

Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir, Kári Húnfjörð Einarsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóhann Stefánsson, Helga Björg Arnardóttir, Jóhann Morávek, Sólveig Morávek, Elvar Bragi Kristjánsson, Þórunn S.

Brynjólfsdóttir, Ragnheiður Magnúsdóttir, Karen Sturlaugsson, Sóley Björk Einarsdóttir, Einar Jónsson, Snorri Heimisson, Daði Þór Einarsson, Ingi Garðar Erlendsson, Gestur Áskelsson og Þorvaldur Halldórsson.

Fundarstjóri var Helga Björg Arnardóttir og fundarritari var Þorvaldur Halldórsson.

Formaður SÍSL, Össur Geirsson setur fund kl. 09:05. Fundarstjóri fer yfir dagskrá fundarins og að því loknu fer Össur yfir skýrslu stjórnarinnar og greinir frá störfum samtakanna frá síðasta aðalfundi. Þar ber hæst tilvonandi breytingar á stjórninni og hann greinir frá því, að loknum þessum fundi skuli ný stjórn hafa verið kosin og samþykkt. Önnur atriði sem greint er frá er t.d. landsmótin, breytingar á lögheimili samtakanna og samstarf SÍSL við NoMu.

Vilborg Jónsdóttir, gjaldkeri samtakanna fer yfir reikninga og fjárhag félagsins. Hún ítrekar að reikningarnir hafi ekki verið endurskoðaðir en leggur fram tillögu um að þeir verði sendir til endurskoðenda og svo yfirfarnir af skoðunarmönnum reikninga úr röðum SÍSL og svo að lokum samþykktir rafrænt af fundargestum aðalfundarins. Hún greinir frá tekjum og kostnaði við síðustu landsmót og eignum félagsins eins og hún er í dag. Landsmót C sveita var rekið með tapi en á móti var landsmót A/B sveita rekið með hagnaði. Rætt er um á meðal fundargesta að það sé ásættanlegt að landsmót eldri sveita sé rekið með tapi ef að landsmót yngri sveita bættu upp fyrir það tap að einhverju leyti. Stjórnarmeðlimir eru sammála því.

Hugmynd kemur frá stjórninni um það hvort að mótsgjöld ættu að verða hækkuð fyrir næstu mót og leggja fundarmenn til að það verði verkefni nýrrar stjórnar að endurskoða það mál. Fundarmenn samþykkja ofangreinda tillögu um endurskoðun reikninganna.

Undir næsta fundarlið, lagabreytingar, voru engar athugasemdir gerðar og þar af leiðandi engar breytingar gerðar á lögum samtakanna.

Kosning í stjórn SÍSL. Össur Geirsson, Vilborg Jónsdóttir og Harpa Jóhannsdóttir höfðu öll óskað eftir því að víkja úr stjórn samtakanna. Fráfarandi formaður, Össur Geirsson leggur til að þeir sem hafa áður setið í stjórninni myndu gefa kost á sér á ný, því reynsla þeirra myndi nýtast vel með þeim nýliðum sem eftir sitja í stjórninni. Snorri Heimisson bauð sig fram og skoraði á Daða Þór Einarsson að gera slíkt hið sama, sem hann gerði. Sóley Björk Einarsdóttir bauð sig einnig fram. Þau voru öll samþykkt sem nýjir stjórnarmeðlimir með lófataki fundargesta. Sólveig Morávek var einnig samþykkt inn í varastjórn og tekur þá sæti Daða Þórs Einarssonar þar. Jóhann Stefánsson og Kári Húnfjörð Einarsson voru skipaðir skoðunarmenn reikninga.

Árgjald SÍSL er rætt og hvort að það þurfi að endurskoða þá upphæð, sem nú er 12.000 krónur. Kári Húnfjörð Einarsson leggur fram hugmynd um að félagsgjöld og mótsgjöld haldist meira í hendur og verði hugsanlega samræmd. Eftir nokkra umræðu samþykkja fundarmenn um að halda þessu gjaldi óbreyttu eins og er, og leggja þetta mál til nýrrar stjórnar til áframhaldandi umræðu.

KAFFIHLÉ

Fundarhöld hefjast aftur kl. 10:35.

Ný stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu um sætaskipan hinnar nýju stjórnar:

Daði Þór Einarsson, formaður

Snorri Heimisson, gjaldkeri

Þorvaldur Halldórsson, ritari

Elvar Bragi Kristjánsson, meðstjórnandi

Sóley Björk Einarsdóttir, meðstjórnandi

Fundarmenn samþykkja nýja stjórn með lófataki.

Önnur mál.

Rætt er um laun fyrir vinnu á landsmótum og hvort það ætti að ráða utanaðkomandi framkvæmdastjóra til að annast stærsta hluta þeirrar vinnu sem felst í því að skipuleggja og undirbúa landsmót. Jóhann Morávek opnar umræðu um það hvort að stjórnarmenn ættu að fá greidd laun fyrir störf sín í stjórninni og hvort að þeir ættu nokkuð að sjá um og bera ábyrgð á hljómsveit á landsmótum samhliða þeirri vinnu. Össur Geirsson greinir frá því að stjórnarmenn hafi alla tíð unnið í stjórninni í sjálfboðavinnu og að hljómsveit eða skóli hvers stjórnanda beri þá ábyrgð að greiða þeirra laun á landsmótum. Tillaga berst úr sal um að ef framkvæmdastjóri væri ráðinn, gæti hann verið úr herbúðum félaga SÍSL en þá kæmi staðgengill í hans stað að sjá um hljómsveitastjórn hans hljómsveitar. Össur leggur einnig fram hugmynd um að hver stjórnandi væri aðeins með eina smíðju í eitt sinn, til þess að draga úr álagi stjórnenda á mótunum.

Rætt er nánar um ráðningu framkvæmdastjóra og að það eigi eiginlega best við á mótum eldri sveita. Snorri Heimisson leggur fram hugmynd um að yngri aðstoðarmenn úr röðum eldri hljómsveitanna eða aðstoðarhljómsveitastjórar gætu gengið í ýmis störf til aðstoðar á landsmótum yngri sveita. Lagt er til að sá einstaklingur sem ráðinn yrði sem framkvæmdastjóri, væri vel til þess hæfur og hefði það frumkvæði og þau sjálfstæðu vinnubrögð til þess að sinna því. Þessi einstaklingur væri þá ekki í öðrum verkefnum á mótunum á meðan.

Rætt er hvort að samtökin fjárfesti í eigin fjölföldunarvél/prentara til notkunar á landsmótum. Rædd eru þau vandamál sem komið hafa upp á landsmótum hvað varðar aðgengi að tækjabúnaði hverju sinni.

Vilborg Jónsdóttir ræðir NoMu og samstarf og aðild SÍSL að þeim samtökum. Þá er aðallega rætt um hvort að SÍSL ætti yfir höfuð að halda aðild áfram og hvað við getum grætt á því á samstarfi. Vilborg greinir frá ýmsum möguleikum varðandi námskeið og styrki sem standa okkur þar til boða, hvort sem um ræðir meðlimi skólahljómsveitanna eða stjórnendur þeirra. Hún mælir jafnframt með því að SÍSL haldi aðild sinni áfram. Hún

óskar eftir því að aðili úr röðum SÍSL verði fenginn til þess að verða fulltrúi okkar í því samstarfi, og æskilegast væri ef hann væri vel að sér í einhverju norðurlandamáli, þar sem að fundarhöld NoMu fara fram á skandinavísku tungumáli. Hún nefnir Snorra Heimisson, Einar Jónsson og Daða Þór Einarsson í þessu samhengi. Snorri Heimisson kemur með tillögu þess efnis að tengiliðurinn þurfi ekki að vera aðeins einn aðili, heldur geta þeir þrír jafnvel sinnt þessu hlutverki í sameiningu. Jóhann Morávek kemur með fyrirspurn um það hver megintilgangur þessa samstarfs sé. Vilborg svarar að með þessu samstarfi sé verið að skapa og efla tengslanet milli svipaðra samtaka á norðurlöndunum. Einar Jónsson leggur fram tillögu um að stjórnendur og kennarar úr SÍSL nýti sér einnig möguleika á endurmenntun að einhverju leyti með þessu samstarfi, áður en nemendur úr skólahljómsveitunum kæmu að þessu með beinum hætti. Niðurstaða þessarar umræðu er sú að SÍSL haldi sinni aðild að samtökunum og ný stjórn SÍSL kanni frekar okkar möguleika og tækifæri með þeirri aðild.

Jóhann Morávek opnar umræðu um tímasetningu aðalfundar SÍSL. Hann óskar eftir því að fundartími sé ákveðinn með tilliti til samgangna til og frá höfuðborgarsvæðinu, til þess að gera stjórnendum frá landsbyggðinni auðveldara fyrir að mæta á fundinn án mikillar fyrirhafnar. Hann greinir frá því að þó svo að fundurinn sé ekki nema nokkurra klukkustunda langur, þá fari oft dagurinn fyrir og eftir fundinn til spillis ef vegalengdin er löng. Hann nefnir t.d. tímasetningu fundarins í þessu samhengi, og að hafa mætti í huga tímasetningu áætlunarflugs til og frá Reykjavík. Það er hins vegar álit fundargesta að aðalfundur skuli ekki fara fram um helgar. Sú hugmynd um að SÍSL myndi taka þátt í ferðakostnaði fyrir gesti sem búa langt frá höfuðborgarsvæðinu er rædd, en skólar/hljómsveitir viðkomandi stjórnenda hafa yfirleitt borgað kostnað fyrir sína stjórnendur til þess að sækja fundinn. Össur Geirsson nefnir að tala þurfi við þá aðila sem hafa sist mætt á aðalfund til þess að athuga hvort að þeir myndu frekar sjá sér fært um að mæta, ef að þessar breytingar yrðu gerðar.

Vilborg Jónsdóttir óskar eftir því að fleiri aðilar frá hverjum skóla eða hljómsveit mæti á aðalfundi. Þá nefnir hún skólastjóra og stjórnendur sérstaklega. Þá er nefnt í þessu samhengi að hljómsveitarstjórar sendi fulltrúa í sinn stað á fundi, komist þeir ekki sjálfir.

Í kjölfarið á því ræðir Einar Jónsson um að efla samskipti milli hljómsveitastjóra og félagsmanna innan SÍSL, til dæmis með jafningjafræðslu. Hann leggur einnig til að fundir færu oftar fram sem gætu stuðlað að frekari starfsþróun, hvort sem það yrði með formlegum eða óformlegum hætti.

Fundargestir ræða þá möguleika að kyrrsetja landsmót, sérstaklega mót yngri sveita, og binda þau við ákveðna staði sem hafa reynst vel á fyrri mótum. Huga þarf að aðstöðu og staðsetningum bygginga sem nota þarf og að þær séu í nálægð við hvora aðra. Garðabær og Akureyri eru nefnd í þessu samhengi. Fundurinn leggur til að ný stjórn ræði þetta mál frekar í undirbúningi næsta landsmóts.

Össur Geirsson kemur með tillögu í kjölfarið á þessari umræðu, að stjórnarskiptafundur færi fram, þar sem að fráfaraandi stjórn leggur málin í hendur nýrrar stjórnar. Þessi fundur gæti líka nýst sem umbun fyrir stjórnina og þeirra störf, t.d. með kvöldverði í kjölfar fundar. Þetta er samþykkt af fundargestum.

Össur Geirsson opnar aftur umræðu um störf stjórnenda á landsmótum. Hann segir að gert sé ráð fyrir því að stjórnendur sem mæta með hljómsveit á landsmót, séu í vinnu á mótinu. Hann leggur til að einn stjórnandi frá

hverri hljómsveit fái frítt á mótið, sérstaklega þeir stjórnendur sem taka að sér mikla vinnu á mótinu. Þetta mál mæltist vel fyrir hjá fundargestum en var lagt í hendur nýrrar stjórnar til frekari umræðu.

Daði Þór Einarsson leggur til að Birgir D. Sveinsson verði gerður að heiðursfélagi í SÍSL og að samtökin myndu útbúa skjal sem honum yrði afhent á 80 ára afmælisdegi hans, 6.apríl næstkomandi. Hann yrði síðan formlega tilkynntur sem heiðursfélagi á næsta landsmóti. Fundargestir samþykkja þetta. Hann nefnir í þessu samhengi að Seltjarnarnes væri tilvalinn staður fyrir það landsmót, með tilliti til tengsla Birgis við Seltjarnarnes.

Í lok fundarins hvetja félagar hljómsveitastjóra til þess að auglýsa betur tónleika sína innan SÍSL. Stjórnendur geta þá sent tilkynningu til stjórnar SÍSL sem áframsendir svo tilkynninguna til hljómsveita innan SÍSL.

Fundarstjóri slítur fundi kl. 12:26.

Þorvaldur Halldórsson ritaði



Aðalfundur SÍSL

haldinn 15. mars 2019 á Center Hotel Laugavegi 120

Skýrsla stjórnar

Ágætu fundargestir.

Í þessari skýrslu verða rakin helstu verkefni Samtaka Íslenskra Skólalúðrasveita á því ári sem liðið er frá síðasta aðalfundi sem haldinn var í Hannesarholti í apríl 2018. Sitthvað höfum við brallað og eitthvað vonandi áunnist til hagsbóta fyrir samtökin okkar.

Stjórn SÍSL sem kosin var á aðalfundi ársins 2018 skipa Össur Geirsson formaður, Vilborg Jónsdóttir gjaldkeri, Harpa Jóhannsdóttir ritari ásamt Elvari Braga Kristjónssyni og Þorvaldi Halldórssyni meðstjórnendum. Daði Þór Einarsson og Kristjón Daðason voru kjörnir sem varamenn en þeir áttu frekar rólegar stundir þetta árið og voru ekki kallaðir á fund á starfsárinu.

Sem félagskjörnir skoðunarmenn voru kosnir þeir Jóhann Stefánsson og Kári Húnfjörð

Stjórnin hélt níu fundi á starfsárinu, og voru flestir þeirra vegna landsmóts á Akureyri. Að auki voru mál leyst í með tölvupósti og símleiðis.

Landsmót A og B sveita

Landsmót A og B sveita var haldið í Breiðholti dagana 27. - 29. apríl 2018. Mikill tími og orka fór í að undarbúa þann gjörning í góðri samvinnu við Snorra Heimisson hæstráðanda í Breiðholti og hans fólk. Mótsgjald var 15.000 krónur en hægt að fá 1.500 króna afslátt með því að gera upp að fullu fyrir 1. mars. Mótið gekk vel fyrir sig og almenn ánægja var með mótið. Fyrirkomulagið á mótinu var frekar hefðbundið, þ.e. hópnum er skipt upp í litasveitir eftir aldri og getu sem æfa saman nokkur lög sem flutt voru á glæsilegum lokatónleikum í íþróttahúsinu Austurbergi.

Landsmót C og D sveita

Helgina 12. - 14. október héldum við landsmót fyrir C og D sveitir á Akureyri. Ella Vala Ármannsdóttir var tengiliður okkar fyrir norðan og í sameiningu settum við upp dágott landsmót fyrir eldri krakkana. Fyrirkomulag landsmóta fyrir eldri sveitir er talsvert frábrugðið því sem er hjá A og B sveitum. Við höfum verið að vinna með smiðjufyrirkomulag allt frá landsmótinu í Reykjanesbæ árið 2015 og virðumst við vera komin með nokkuð gott módel í hendurnar sem hægt er að vinna áfram með næstu árin. Smiðjur voru mjög fjölbreyttar og lokatónleikarnir í Hofi voru glæsilegir.

Framundan er að halda landsmót vorið 2020 fyrir A og B sveitir en ekki er búið að finna staðsetningu fyrir það enn sem komið er.

Óskalög þjóðarinnar

Haustið 2015 héldum við SÍSL-arar tónleika í Hörpu undir heitinu „Óskalög þjóðarinnar“. Þetta verkefni var endurtekið haustin 2016 og 2017 en vegna landsmóts á Akureyri í október í fyrra fórum við ekki í þetta verkefni á árinu 2018. Það má þó alveg beina því til nýrrar stjórnar að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið.

Heimasíða SÍSL

Heimasíðan hefur smátt og smátt verið að taka á sig hlutverk nótnageymslu fyrir félagsmenn. Þarna getur fólk nálgast útsetningar sem SÍSL hefur gefið út undanfarin ár. Þó það hafi verið á verkaskrá okkar að gera heimasíðuna virkari og sterkari hefur það markmið ekki náðst og spurning hvort ný stjórn geti bætt þar um betur. Fundargerðir hafa þó verið uppfærðar og búið að bæta í þau göt sem hægt var. Því miður vantar þó nokkrar fundargerðir sem virðast hafa glatast. Fundargerðir frá 1999 ættu nú að vera aðgengilegar á heimasíðunni.

Breytt lögheimili SÍSL.

Það heppnaðist á árinu að breyta lögheimili SÍSL, sem í langan tíma hefur verið skráð til heimilis á bílastæði í Vestmannaeyjum. Nýja heimilisfangið er hjá Skólahljómsveit Grafarvogs, Dalhúsum 41, 112 Reykjavík og vonandi getum við haft það þar um ókomin ár. Reyndar erum við skráð sem Samtök íslenskra Skólalúðrasvei í þjóðskránni og spurning um að finna einhverja betri skammstöfun :-)

Nótnaútgáfa

Þegar landsmótið á Akureyri var að baki hófst vinna við að útbúa marseringarhefti fyrir B sveitir, eins og um var rætt á síðasta aðalfundi. Send var fyrirspurn til allra félaga í SÍSL um lagaval í heftið og bárust svör frá tveimur. Vegna veikinda og af ýmsum öðrum ástæðum stöðvaðist þessi vinna síðan fljótlega eftir að hún hófst og hefur ekki komist af stað aftur.

Við fengum á árinu nótnaheftið Leikandi Létt 2 frá SÍL og ber að þakka SÍL fyrir þann gjörning.

Fjárhagur

Við stöndum mjög vel fjárhagslega um þessar mundir, eins og í raun undanfarin ár. Vel hefur gengið að afla styrkja til verkefnanna sem við höfum ráðist í og við höfum af þeim sökum getað haft ókeypiss inn á Óskalögin og haft þær útsetningar sem við höfum keypt undanfarin ár ókeypis fyrir lúðrasveitirnar í samtökunum.

NOMU

Í fyrravetur endurnýjuðum við samstarf við NOMU, Nordisk Musik Union, og fór Vilborg Jónsdóttir gjaldkeri sem fulltrúi SÍSL á fund með stjórn samtakanna í Stokkhólmi í byrjun mars 2018. Til stóð að halda því samstarfi áfram með það í huga að sjá hvað við gætum hugsanlega fengið út úr slíku samstarfi. Vilborg var kosin í stjórn NOMU og stóð til að hún færi á fund til Svíþjóðar núna um helgina. Af því gat þó ekki orðið vegna veikinda og enginn annar fékkst til að vera fulltrúi okkar þar. Við þurfum því að endurmeta stöðu okkar gagnvart NOMU. Hugsanlega væri best að finna einhvern fulltrúa SÍSL þar sem ekki er endilega í stjórn SÍSL og gæti hugsað sér að vera í þessu samstarfi til frambúðar.

Saga SÍSL

Í minni formannstíð hef ég haft áhuga fyrir því að láta setja saman pistil með því helsta úr sögu SÍSL. Það hefur ekki getað orðið úr því en vonandi náum við að gera eitthvað slíkt fyrir 40 ára afmæli samtakanna 2023. Einnig vil ég varpa hér fram þeirri hugmynd að gera Birgi D. Sveinsson að heiðursfélaga SÍSL því fáir ef nokkur hefur unnið jafn ötullega að framgangi íslenskra skólalúðrasveita og samtakanna okkar en hann.

Að lokum

Samstarf okkar í stjórninni hefur verið með ágætum á síðasta starfsári. Einnig höfum við átt mjög gott samstarf við mótshaldara í Breiðholti og á Akureyri. Ég held að við höfum skilað góðu dagsverki og almenn ánægja virðist ríkja um störf samtakanna.

Af ýmsum ástæðum tókst okkur ekki að koma öllum hugmyndum okkar í verk en það sem við kláruðum erum við stolt af.

Ég gef ekki kost á mér til áframhaldandi setu í stjórn SÍSL enda búinn að klára tvö kjörtímabil sem formaður og tími kominn á að hleypa öðrum að. Einnig á ég að baki sex ár í stjórn SÍSL frá 1998 til 2004. Vegna veikinda mun Vilborg ekki geta sinnt störfum fyrir SÍSL og því er líka laust í pláss gjaldkera hjá okkur. Einnig hefur Harpa tilkynnt að hún geti ekki gefið kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn af persónulegum ástæðu. Þeir Þorvaldur og Elvar Bragi munu því taka við kyndlinum og bera hann hátt ásamt því frábæra nýja stjórnarfólki sem við ætlum að kjósa hér á eftir.

Ég vil þakka félögum mínum í stjórn fyrir gott samstarf á árinu og um leið þakka öllum félögum SÍSL fyrir góða viðkyrningu og samvinnu.

Lýkur þar með skýrslu stjórnar SÍSL fyrir starfsárið 2018 – 2019.

Össur Geirsson,

formaður SÍSL

SÍSL stjórnarfundur símleiðis, fimmtudaginn 29.ágúst 2019

Fundur settur kl. 10:00

Mætt eru Snorri, Þorvaldur, Elvar Bragi, Sóley Björk og Daði Þór.

Óskalögin 17.nóvember.

Fyrirkomulagið verður með svipuðu sniði og í fyrra. Hljómsveitir eru hvattar til þess að spila íslenskt efni en það er ekki skylda. Hljómsveitum er frjálst að hafa fjölbreytta efnisskrá.

Rætt er að það þurfi á ná betur til skóla og þeirra nemenda á landsbyggðinni og hvetja þau til þess að koma á landsmót. Elvar Bragi býður sig fram til þess að hringja í skólanna úti á landi sem hafa sjaldan eða aldrei mætt á landsmót. Það hefur greinilega ekki skilað sér að senda bara email með upplýsingum. Brýna verður fyrir þeim að landsmót eru aðgengileg öllum nemendum, ekki eingöngu þeim sem eru í hljómsveit, þannig að skólar eiga ekki að vera hræddir við að senda fáa nemendur á landsmót.

Heimasíðan.

Sóley Björk er umsjónarmaður heimasíðu SÍSL og mun taka að sér að setja þar inn upplýsingar varðandi komandi viðburði SÍSL.

Rætt er að kominn sé tími á að fá inn nýjar útsetningar í nótnasafn SÍSL og að nauðsynlegt væri að fjölga útsetningum frá kvenkyns útsetjurum. Einnig var talað sérstaklega um að fjölga þurfi B-sveitar útsetningum.

Verkefni stjórnarinnar fram að næsta fundi er að setja saman upplýsingapóst varðandi komandi verkefni SÍSL og koma þeim áleiðis á meðlimi samtakanna.

Fundi slitið 10:54 og næsti símafundur áætlaður á sama tíma eftir viku.

Ritað af Þorvaldi H.

SÍSL stjórnarfundur símleiðis, fimmtudaginn 5.september 2019

Fundur settur kl. 10:05

Mætt eru Snorri , Þorvaldur, Elvar Bragi og Sóley Björk.

Heimasíðan

Talað er um útsetningarnar sem eru á heimasíðunni og hvort að raddskrárnar við þær eigi að vera aðgengilegar á síðunni ásamt pörtunum. Raddskrár hafa ekki verið aðgengilegar þarna inni hingað til. Hugmynd er nefnd að ráða inn einhvern aðila til þess að fara yfir gagnagrunninn og setja upp raddskrárnar inn ásamt pörtum í aðgengilegu, þægilegu formi. Gísli Jóhann Grétarsson er nefndur sem fýsilegur kostur í þessa vinnu. Uppfæra þarf útsetningastaðlana og sniðmótin á síðunni og gera þau aðgengileg fyrir nýrri útgáfur af nótnaskriftarforritum, þá aðallega Sibelius og Dorigo.

Landsmót SÍSL í apríl

Taka þarf lokaákvörðun um staðsetningu landsmótsins í apríl og þarf svar frá Reykjanesbæ að berast fyrir lok næstu viku ef mögulegt er.

Óskalögin í Hörpu

Senda þarf út póst til hljómsveitanna og tilkynna lokafrest til að skrá sig. Hugmynd að þeirri dagsetningu er 1.október. Pósturinn þarf að berast helst í þessari viku. Hljómsveitir sem koma utan að landi, a.m.k. 100 km frá Reykjavík, geta sótt um ferðastyrk til SÍSL. Sá styrkur er 5000 krónur á hvern hljóðfæraleikara og stjórnanda og/eða kennara. Finna þarf aðila til þess að útvega búnað fyrir tónleikana s.s. slagverkshljóðfæri og nótnastatíf. Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts hefur áður útvegað þennan búnað og er líklegt að við leitum til þeirra aftur fyrir Óskalögin 2019. Fjórar pákur hafa verið fengnar að láni frá Grafarvogi en æskilegast er að allur búnaður komi frá sama stað og því verða aðeins 2 pákur í boði. Við munum að öðru leyti miða við tækjalista frá fyrri óskalögum, sem mun svo verða sendur til allra þátttakenda fyrir tónleikadag.

Næsti fundartími var ekki ákveðinn en stjórnarmenn munu verða í sambandi í vikunni til þess að ákveða tímasetningu.

Fundi slitið 10:53.

Ritað af Þorvaldi H.

SÍSL stjórnarfundur símleiðis, föstudaginn 13.september 2019

Fundur settur kl. 9:32.

Mætt eru Snorri, Daði Þór, Þorvaldur, Elvar Bragi og Sóley Björk.

Landsmótið

Stjórnendur Lúðrasveita og Tónlistarskólans í Reykjanesbæ hafa fundað um að taka að sér að halda Landsmót A/B sveita í apríl 2020. Mikill áhugi er fyrir því þar á bæ og eru næstu skref hjá þeim að kanna hvort hentug húsnæði til mótshalds séu aðgengileg á þessum tíma. Hentugast væri að þessi húsnæði væru nálægt hvoru öðru. Vonandi liggur fyrir lokasvar frá Reykjanesbæ í komandi viku. Stjórn SÍSL mun þar af leiðandi kíkja í vettvangsferð til Reykjanesbæjar að skoða aðstæður.

Óskalögin

Fá þarf upplýsingar frá hljómsveitum um hvort þau ætli að taka þátt og hversu mörg pláss þær óska eftir, þ.e. hversu margar hljómsveitir þær vilja senda. Senda þarf póst til þeirra og fá þau til þess að skrá sig í síðasta lagi 1.október.

Finna þarf einstakling til þess að kynna dagskrána þennan dag. Halldóra Geirharðsdóttir er nefnd til sögunnar í þessu samhengi og ætlum við að hafa samband við hana og kanna hvort hún geti tekið þetta að sér og hvað það kostar. Einnig þarf að hitta fulltrúa Hörpu til þess að skipuleggja salinn; svið og annað. Við þurfum líka að safna saman ljósmyndum frá fyrri Óskalögum til að nota í kynningaskyni fyrir næstu Óskalög. Eyþór Kolbeins tók ljósmyndir síðast á Óskalögum og ætlar Daði að hafa samband við hann.

NOMU

SÍSL þarf að gefa svar fljótlega um það hvort við viljum halda áfram aðild okkar að samtökunum. Stjórnin hefur áhuga á því að halda því áfram og ætlar stjórnin að kynna sér nánar starfsemi samtakanna. Boða þarf Vilborgu Jónsdóttur á óformlegan fund þar sem hún fræðir okkur nánar um samtökin. Snorri og Daði eru líklegir til þess að verða fulltrúar SÍSL hjá NOMU þar sem þeir eru með bestu kunnáttuna í skandinavísku tungumáli, þar sem fundarhöld ytra hjá samtökunum fara að mestu fram á norðurlandamáli.

Nótnasafnið

Þorvaldur hafði samband við Gísla Jóhann Grétarsson varðandi að taka að sér vinnu við að greiða úr nótnasafninu og gera það aðgengilegra á vefsíðunni. Hann var til í þá vinnu og ætlar Snorri að hafa samband við hann til þess að ræða þetta nánar.

Skrúðgönguhefti

Stjórnin hefur áhuga á að taka upp þráðinn að nýju við það að gefa út nótnahefti fyrir B-sveitir til að nota í skruðgöngum. Óska þarf eftir hentugum lögum og útsetjurum í þetta verkefni. Stjórnin ætlar að skoða þetta mál nánar eftir að Óskalögin í Hörpu eru yfirstaðin.

Nótnanefnd SÍSL

Stjórnin veltir fyrir sér tilgangi nótnanefndar og hvort hennar verklagi skuli vera breytt. Hugmynd er rædd um að í staðinn fyrir nokkurra einstaklinga nótnanefnd, skuli aðeins einn einstaklingur vera ráðinn til þess að yfirfara útsetningar sem berast til SÍSL. Þessi hugmynd kviknar í ljósi þess að mögulega er flækjustuðullinn of mikill ef að of margir einstaklingar koma að yfirlestri útsetninga.

Greiðslu fyrir útsetningu yrði þá skipt á milli útsetjarans og þessa einstaklings sem skoðar útsetninguna. Mikil þörf er á nýjungum inn á síðuna og sérstaklega útsetningum frá kvenkyns útsetjurum. Nöfn sem eru nefnd eru Sigrún Kristbjörg, Harpa Jóhannsdóttir, Rósa Guðrún og Sólveig Morávek. Af körlunum eru Stefán Ómar og Eiríkur Rafn nefndir. SÍSL hefur áhuga á því að kaupa nýjar útsetningar og frumsamið verk frá Sólveigu og Elvari Braga til þess að koma þessu aðeins í gang. Stjórn SÍSL mun taka að sér hlutverk yfirferðar á nýjum útsetningum til að byrja með, áður en niðurstaða liggur fyrir varðandi hlutverk nótnanefndar.

Næsti fundur er ákveðinn á sama tíma með sama hætti að viku liðinni.

Fundi slitið kl. 10:43.

Ritað af Þorvaldi H.

SÍSL stjórnarfundur símleiðis, föstudaginn 27.september 2019

Fundur settur kl. 9:35.

Mætt eru Snorri, Daði Þór, Þorvaldur, Sóley Björk og Elvar Bragi.

Óskalögin

Hugmynd barst til stjórnarinnar um að færa Óskalögin úr Silfurbergi yfir í Flóa. Silfurberg þykir ekki hentugur salur fyrir svona tónleika og mun stjórnin reyna að taka fund með fulltrúa Hörpu til þess að kanna það mál frekar.

Snorri fór yfir þær hljómsveitir sem hafa boðað komu sína og er tímalengd tónleikanna á þessum tímamarki 4,5 klukkustundir.

Ekki er búið að hafa samband við kynni ennþá, en það mál verður skoðað áfram fram að næsta fundi.

Landsmótið

Reykjanesbær hefur ennþá ekki gefið lokasvar varðandi það að halda landsmótið, en Daði ætlar að taka að sér að hringja þangað og þrýsta á svör.

Tölvupósturinn

Svo virðist vera sem að nokkrir fyrrverandi stjórnarmeðlimir í SÍSL séu ennþá að fá tölvupósta til sín sem stílaðir eru á stjórn SÍSL. Þetta þarf að kanna nánar og lagfæra. Snorri ætlar að skoða þetta og reyna að finna lausn hvernig megi koma í veg fyrir þetta.

Heimasíðan

Snorri ætlar að tala við Gísla Jóhann varðandi það að taka að sér vinnu við að laga nótnabanka inni á SÍSL heimasíðunni. Setja þarf alla parta saman í eitt skjal og svo partiture í annað skjal, þannig að það sé hægt að sækja þetta allt saman í tveim skráum beint af heimasíðunni. Hugsanlega fáum við hann líka til þess að yfirfara heimasíðuna en við ætlum að heyra í honum og athuga hvort hann hafi einhverjar hugmyndir sjálfur varðandi það og fá þá verðtilboð frá honum í þessa vinnu.

Næsti fundur ákveðinn á sama tíma eftir viku.

Fundi slitið kl. 10:17.

Þorvaldur H. ritaði

SÍSL stjórnarfundur símleiðis, föstudaginn 29.nóvember 2019

Fundur settur kl. 10:08.

Mættir eru Snorri, Daði Þór, Elvar Bragi og Þorvaldur.

Óskalögin í Hörpu

Tónleikarnir í Hörpu eru gerðir upp og samkvæmt viðbrögðum frá stjórnendum, tónleikagestum og skipuleggjendum þá voru allir ánægðir með hvernig til tókst. Hinsvegar var vinna og viðvera Daða og Snorra á tónleikadag alltof mikil og erfið vegna fjarveru annarra stjórnarmanna þennan dag. Þetta þarf að bæta fyrir næstu Óskalög og ganga þarf úr skugga um að allir stjórnarmenn geti tekið þátt í þessum degi til þess að skipta verkum á milli sín.

Heimasíðan

Gísli Jóhann Grétarsson er búinn að kortleggja vinnu fyrir nótnasafn heimasíðunnar ásamt þar til gerðum kostnaði. Sú vinna felst í að bæta við raddskráum sem vantar, búa til pdf skjal með öllum pörtum í eina skrá, nútímavæða og uppfæra útlit síðunnar og svo hönnun á appi sem gerði notendum kleift að komast á innri vef síðunnar. Stjórnarmenn eru sammála um að vinna við að hanna appið sé ekki tímabær á þessari stundu, en öll hin vinnan ætti að fara í gang sem fyrst.

Minningarorð

SÍSL mun birta á heimasíðu sinni minningarorð um Vilborgu Jónsdóttur hljómsveitastjóra Skólahljómsveitar Austurbæjar sem lést 22.nóvember síðastliðinn. Greinin verður látin vera á síðunni í viku til 10 daga áður en hún verður tekin út. Hægt er að nota textann frá tilkynningu SÍSL sem send var út til félaga samtakanna með tölvupósti fyrir í vikunni.

Landsmót

Það þarf að liggja fyrir mjög fljótlega, kostnaður við matinn á landsmótinu í Reykjanesbæ. Þorvaldur ætlar að pressa á stjórnendur þar að fá það á hreint. SÍSL þarf einnig að fara að rukka inn staðfestingargjald frá þátttökuhljómsveitunum og senda út tilkynningu þess efnis. Einnig þarf að fara í það að fá útsetningar fyrir A- og B-sveitir til notkunar á landsmótinu. Nafn Inga Garðars Erlendssonar er nefnt í samhengi við A-sveitar útsetningar og hvetja þarf kvenútsetjara landsins til þess að útsetja fyrir mótið. Elvar Bragi ætlar að taka að sér að heyra í fólki til þess að útsetja.

Yfirleitt hafa þetta verið 5-7 litasveitir á mótunum og því þarf nýjar útsetningar í samræmi við þann fjölda. Þær þurfa helst að vera klárar í febrúar. En lokafjöldi útsetninga mun liggja betur fyrir þegar það er orðið ljóst hversu margir þátttakendur verða á landsmótinu, og hversu margar sveitirnar verða.

Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 13.desember.

Fundi slitið kl. 10:05.

Ritað af Þorvaldi H.

